

Sjálfbærniverkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar

Símafundur stýrihóps, 11.4.2016 kl. 15:00

Mætt: Árni Óðinsson (Landsvirkjun), Freyr Ævarsson (Fljótsdalshérað), Fríða Björg Eðvarðsdóttir (Landvernd), Geir Sigurpáll Hlökkversson (Alcoa Fjarðaál), Guðrún Áslaug Jónsdóttir (Austurbrú), Sigrún Víglundsdóttir (Austurbrú) sem ritaði fundargerð.

Marínó Stefánsson (Fjarðabyggð) boðaði forföll

Dagskrá

- Ákvörðun Landverndar um að hætta þátttöku í stýrihóp
- Hópastarf á ársfundi
- Tillögur um breytingar á vísun til að leggja fyrir ársfund
- Dagskrá ársfundar

Umræður

- Á fundi sínum 16. febrúar 2016 samþykkti stjórn Landverndar að hætta þátttöku í Sjálfbærniverkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar. Þessi ákvörðun verður kynnt á ársfundi og gott væri að geta lagt fram tillögu á ársfundi um nýjan þátttakanda í stýrihóp. Rætt hefur verið að styrkja þyrfti samfélags- og efnahagslega þætti í verkefninu og því væri gott að fá í hópinn fræðimann á því sviði. Fram kom tillaga sem GÁJ tók að sér að skoða betur. SV/GÁJ gera tillögu að lýsingu á verklagi um skipan stýrihóps, en slík lýsing er ekki til.
- Stýrihópur vonar að niðurstöður hópastarfs geti nýst til áframhaldandi þróunar verkefnisins. GÁJ og SV verða í sambandi við Jóhönnu Hörpu Árnadóttur (Landsvirkjun) og Maríu Ósk Kristmundsdóttur (Alcoa Fjarðaál) varðandi útfærslu en þær hafa tekið að sér að stýra hópavinnunni.
- Á ársfundinum verða lagðar fram tillögur til breytingatillögur á vísun: 1.3 Öryggi starfsfólks Fjarðaáls og Landsvirkjunar, 3.1 Ferðaþjónusta, 3.2 Útflutningur Fjarðaáls og 3.5 Fjárhagsstaða sveitarfélaga. Fyrirkomulagið verður eins og síðast þ.e. breytingatillögurnar liggja frammi yfir fundinn og bornar undir atkvæði í lok fundar.
- Dagskrá fundar liggur nokkurn veginn fyrir og verður birt á vef verkefnisins fljótlega.

Fundi slitið kl. 15:45